

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða  
gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 105/2020.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, töluliður 5, svohljóðandi:

5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/855 frá 7. maí 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Bahamaeyjum, Barbados, Botswana, Kambódíu, Ghana, Jamaíku, Márítíus, Mongólíu, Mjanmar/Búrma, Níkaragva, Panama og Simbabve í töfluna í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2018 frá 5. desember 2018 og fjarlægja Bosníu og Hersegóvínu, Eþíópíu, Gvæjana, Laoska alþýðulýðveldið, Srí Lanka og Túnis úr töflunni. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 62, 24. september 2020, bls. 276.

2. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd, sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð nr. 105/2020, tekur breytingum til samræmis við þær breytingar sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar. Listinn er birtur sem fylgiskjal við reglugerð þessa þannig breyttur.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 30. september 2020.*

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.**

---

*Haukur Guðmundsson.*

**Fylgiskjal.**

**Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,  
sbr. framselta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675  
með síðari breytingum.**

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíkska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Bahamaeyjar
3	Barbados
4	Botswana
5	Kambódía
6	Ghana
7	Írak
8	Jamaíka
9	Máritíus
10	Mongólía
11	Mjanmar/Búrma
12	Níkaragva
13	Pakistan
14	Panama
15	Sýrland
16	Trinidad og Tóbagó
17	Úganda
18	Vanúatú
19	Jemen
20	Simbabve

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíkska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniaðstoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

Nr. 956

30. september 2020

- III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hætta á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea

B-deild – Útgáfud.: 2. október 2020